

10. gr.

Val endurskoðenda

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Reikningsárið

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember.

12. gr.

Ársfundur

Stjórn skal halda ársfund þar sem eftirfarandi gögn eru lögð fram: Skýrsla um starfsemi Hvalasafnsins frá liðnu starfsári, ársreikningur fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs.

Formaður stjórnar boðar til ársfundar með minnst sjö daga fyrirvara. Á ársfundi skal jafnframt tilkynnt um val á stjórnarmönnum sé stjórnarsetutímabil þeirra á enda. Ársfundur er upplýsingafundur og hefur fundurinn ekki ákvörðunarvald á starfsemi stofnunarinnar. Ársfundurinn skal haldinn fyrir lok maí ár hvert.

13. gr.

Hagnaður

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja allan hagnað ársins eða hluta hans til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

14. gr.

Breyting samþykktu

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á stjórnarfundi.

HHH
SES
DSD